– Shíanúk er sérkennilegur maður. Hann segir eitt í dag og annað á morgun, – hann er líka í mjög erfiðri pólitískri klemmu. Ég get nefnt þér sem dæmi um áreiðanleik staðhæfinga hans að í Svíþjóð hélt hann því fram að við eyddum skógum Kampútseu í sögunarmyllum sem svíar hafa aðstoðað okkur við að koma upp. Svíar vissu að þetta var ekki satt, og þeir hlógu að honum.

Spurðu þá sjálfa

Að lokum víkur tali okkar að samskiptum Víetnam við Bandaríkin: af hverju haga kanar sér einsog tapsárir stráklingar?

– Því kann ég ekki að svara, þú skalt spyrja þá sjálfa. Við erum reiðubúnir að koma á eðlilegum samskiptum milli ríkjanna, og teljum slík samskipti yrðu báðum í hag.

– Á síðustu mánuðum hafa verið stigin skref í þessa átt. Við höfum tilkynnt þeim að ekki standi á aðstoð okkar við að grennslast fyrir um afdrif týndra bandarískra hermanna, hafa uppá líkum þeirra og afhenda þau bandaríkjamönnum. Embættismenn úr varnarmálaráðuneytum ríkjanna hafa hist um þetta mál og þær viðræður voru taldar mjög gagnlegar, – við erum tilbúnir að ræða þessi mál á ráðherrafundi.

Við viljum hinsvegar að bandaríkjamenn láti af fjandskap sínum í okkar garð. Við getum ekki hjálpað þeim að finna lík bandarískra hermanna í Víetnam nema þeir hætti árásum sínum, dragi úr áróðri sínum gegn okkur, og hætti að ginna menn til að yfirgefa landið með því að senda skip sín að ströndum Víetnam til að taka bátafólk.

Vandi bátafólksins er ekki síst bandaríkjamönnum að kenna. Fólk getur flutt frá Víetnam á löglegan hátt með leyfi stjórnvalda, og við höfum gefið mörg slík leyfi. En við því fólki vilja bandarísk stjórnvöld ekki taka. Bátafólkið er hins vegar liður í pólitísku áróðursstríði og það fær vildarmóttökur í Bandaríkjunum.

Meðan við sætum árásum frá bandaríkjamönnum er ekki hægt að leysa málin útaf týndum hermönnum. Hvað eiga stjórnvöld að segja við víetnömsku þjóðina? Að við ætlum að hjálpa ríki sem ennþá sýnir okkur fullan fjandskap að finna leifar hermanna sem voru sendir til landsins til að drepa víetnama?

Íslands þúsund ár

Blaðamaður átti í erfiðleikum með að koma í orð lokaspurningu sinni til sendiherra Víetnam. Ég byrjaði á að spyrja hann hvort hann hefði séð bandarískar kvikmyndir um Víetnamstríðið, til dæmis Apocalypse Now, eða Rambó tvö; það hafði hann ekki. Síðan sagði ég að stríðið hefði skilið eftir sig djúp spor í minningu vesturlandamanna, bandaríkjamanna og annarra: hvort víetnamar hefðu endurskoðað afstöðu sína? Stríð væru jú svart-hvít meðan þau stæðu yfir, en eftirá hlytu að koma upp einhver litbrigði? Hann svaraði því að víetnamar reyndu að erfa ekki stríðið við bandaríkjamenn, ekki frekar en þeir væru óbitrir í garð fyrri árásarmanna, frakka eða japana.

Ég spurði hann þá í tengslum við uppstokkun til vinstri og hægri á umhugsun og afstöðu vesturlandamanna til Víetnamstríðsins: hafa viðhorf í Víetnam tekið breytingum á þeim tíu árum sem liðin eru frá sigrinum?

Luu Quy Tan brosir með glampa í augunum, styður tveimur fingrum á hnéð á mér og hefur svar sitt:

– Við erum fjögur þúsund ára gömul þjóð...

Mörður Árnason

Hver á Kjarval?

Davíð Oddsson borgarstjóri hefur haldið því fram á prenti nýlega, að Reykjavíkurborg eigi Kjarval. Eða svo gott sem. Vegna þess að hann hafi breytt borginni með því að ganga um hana. Hefði hann ekki verið á vappi í Austurstræti þá hefði borgin verið allt öðru vísi.

Og má vel eitthvað vel vera til í þessu. Svoleiðis. Flest það sem sagt er er bæði satt og logið. Það er nefnilega ekki öll vitleysan hálf.

Þó hefur þessi staðhæfing Davíðs um eignarhald Reykjavíkur á Kjarval vakið upp miklar deilur. Konan mín er til dæmis að austan og hún er stórhneyksluð. Reykjavík, segir hún, ja svei. Þessi hundsrass og útsynningstrekt.

Ég lagði svosem ekkert til málanna.

En svo kom NT og birti grein um málið og hafnaði síngirni borgarstjórans eindregið. Og Íhaldsins yfirleitt. Yfir öllu vilja þeir gína þessir Sjálfstæðismenn, segir í greininni. Frekjan er endalaus. Þeir vilja eiga ríkisstjórnina, frystihúsin og ríkisútvarpið, og nú vilja þeir líka slá eign sinni á Kjarval.

Aldrei skal það!

Við vitum betur hér á NT. Við vitum það ofurvel að Jóhannes Kjarval tilheyrir hinum dreifðu byggðum landsins, þar sem hátt er til lofts og vítt til andans veggja, en ekki eins og hérna á mölinni. Hann á þar heima þar sem sauðkindin fær sína magafylli með morgundögginni og skáldsýnir mikils listamanns magnast í bláma firrðanna og Samvinnuhreyfingin fæddist til hagsbóta fyrir land og lýð.

Eins og búast mátti við tók Morgunblaðið óstinnt upp þetta tal. Það væri ekki einleikið með þetta smekkleysi í NT að vera að nefna Kjarval og þann illræmda auðhring SÍS í sömu andrá og sannaðist nú enn hið fornkveðna:

„Ég syng þeim ljóð sem gaf mér brauð".

Þeim mun fáránlegra væri þetta, sagði Morgunblaðið, þar sem Kjarval var hinn stolti einstaklingshyggjumaður sem var í öllu sínu verki og öllu sínu æði svarinn óvinur skipulagshyggjunnar, sem er sískríðandi eins og ótal ormar út úr moðhaus vinstrimennskunnar og reynir að laumast út um allt þjóðlífið.

Þjóðviljinn velti þessu máli fyrir sér um stund og skoðaði það vandlega hvort hér væri að fæðast tilefni til stjórnarslita. Svo reyndist þó ekki. En hann varð samt sem áður að láta að sér kveða um svo mikið mál og það gerði hann.

Verk Kjarvals, sagði í ritstjórnargrein í Þjóðviljanum, eru samfellt og linnulaust andóf gegn vulgaribus markaðshyggjunnar, sem má hvorki sjá grasbreiðu né hraungjótu án þess að hún sé hlaupin til að festa á hana verðmiða og selja hana á fölskum forsendum eins og hverja aðra raforku á útsölu. Oss er spurn: Hvenær hafði Kjarval samið við Alusuisse? Hvenær hefði hann svikið hið stóra hjarta hvalanna í hendur bræðsluauðvaldsins?

Aldrei nokkurn tíma.

Kjarval, hélt Þjóðviljinn áfram, er einmitt glæsilegasta dæmi sem til er um mann sem af hugsjónaástæðum **afneitar** lögmálum framboðs og eftirspurnar. Þegar stríðsgróðapungar dönsuðu í kringum hann með fullar hendur fjár vildi hann heldur gefa fátækri konu sem prjónaði á hann hosur glæsilega Þingvallamynd en selja þeim.

Kjarval, sagði blaðið ennfremur, tilheyrir hinum göfugustu hugsjónum íslenskrar alþýðu í einvígi hennar við amrískt dollaravald.

Nú setti menn hljóða um stund. Þangað til einhverjum datt í huga að spyrja Alþýðublaðið, hvort Kratar vildu ekki leggja eitthvað til þessara stjórnmála. Kannski ættu einmitt þeir Kjarval, þegar öllu væri á botninn hvolft?

Nei, við, sagði Alþýðublaðið. Þess þarf ekki. Við eigum nóg með Jón Baldvin... **Skaði**





